

Alþingi
Erindi nr. P 140/2629
komudagur 25.4.2012

Framhaldsskólar þeir sem hafa starfsnám með höndum höfðu samráð um með hvaða hætti þeir teldu eðlilegt að fyrirkomulag starfsnáms og þar tengt framkvæmd á greiðslum úr vinnustaðasjóði. Framhaldsskólarnir sendu menntamálaráðherra erindi í janúar 2012 um fyrirkomulag starfsnáms og þar með talið vinnustaðanáms og erum meginatriði þeirra tillagna eftirfarandi:

1. Greiðslur úr vinnustaðasjóði fylgi nemenda sem er í viðurkenndu námi í framhaldsskóla
2. Greiðslur úr vinnustaðasjóði byggi alltaf á fyrirliggjandi samningi milli skóla, vinnustaðar og nemanda um starfsnám á vinnustað
3. Greiðslur úr vinnustaðasjóði fari beint til vinnustaðar án milligöngu skólanna ef skilyrðum um samning og nám á vinnustað er fullnægt.

Fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki beina afstöðu til framkvæmdarinnar eins og framhaldsskólarnir leggja til að hún verði en frumvarpið útilokar ekki heldur að framkvæmdin verði með þeim hætti sem lagt er til. Frumvarpið gerir ráð fyrir að frekari útfærsla framkvæmdar sé í höndum menntamálaráðuneytisins og viðræðum við ráðuneytið hefur komið fram að útfærsla framhaldsskólanna komi sterklega til greina.

Miðað við ofangreint er ekki ástæða til að gera sérstakar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Meðfylgjandi í afriti er erindi framhaldsskólanna sem send voru ráðuneytinu í janúar.

Bestu kveðjur

Jón B. Stefánsson
Skólameistari Tækniskólans

Starfsnámsskólar á Íslandi

Vinnustaðanám og starfsþjálfun á framhaldsskólastigi

- í ljósi nýrrar menntastefnu og nýrra laga um framhaldsskóla -

**Tillaga vinnuhóps á vegum starfsnámsskóla
janúar 2012**

Inngangur

Undanfarin ár hafa verið umbrotaár í íslenskum framhaldsskólum með miklum væntingum sem endurspeglast í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Í kjölfar efnahagskreppunnar í lok árs 2008 var gildistöku ýmissa ákvæða þeirra laga slegið á frest og forsendur breyttust. Má þar m.a. nefna getu fyrirtækja til að taka þátt í starfsmenntun framhaldsskólanemenda.

Reglugerðir hafa verið unnar í framhaldi af framhaldsskólalögum sem hafa áhrif á námsferil nemenda t.d. reglugerð nr. 840/2011 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað, reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf og í lok árs 2011 drög að frumvarpi til laga um Vinnustaðanámssjóð.

Skólameistarar starfsnámsskóla fengu með stuttum fyrirvara í desember á liðnu ári tækifæri til að koma með athugasemdir við frumvarpsdrögin en svo margar athugasemdir komu fram að skólameistarar blésu til fundar um málið föstudaginn 9. desember.

Á þeim fundi komu fram áhyggjur skólameistara varðandi málefni nemenda í vinnustaðanámi almennt auk athugasemda við frumvarpsdrögin.

Á fundinum var kjörin fimm manna vinnuhópur skólameistara til að fara ofan í saumana á fyrirkomulagi vinnustaðanáms, gera tillögur að endurbótum og leggja fyrir skólameistara á fundi í janúar 2012. Einnig var samþykkt á fundinum að óska eftir lengri frest til að koma með ábendingar varðandi frumvarpsdrögin að Vinnustaðanámssjóði.

Í vinnuhópinn voru skipuð: Ársæll Guðmundsson (IH), Jón B. Stefánsson (TS), Margrét Friðriksdóttir (MK), Olga Lísu Garðarsdóttir (VA) og Sigríður Huld Jónsdóttir (VMA).

Vinnuhópurinn hefur verið að störfum og er afraksturinn þessi greinargerð sem og skjal um verkferil með „refli“ og útskýringar á honum, sem innihalda sýn skólameistara starfsnámsskóla á hvernig vinnustaðanámi verði best fyrir komið á Íslandi.

Með ofangreindum reglugerðum er varða breytingar á framkvæmd framhaldsskólalaganna nr. 92/2008 sýnist skólameisturum starfsnámsskóla að staða þeirri hafi veikst til muna t.d. með breytingu á stærð kjarnagreina námsbrauta.

Einnig er umhugsunarverð sú stefna að heimila í auknum mæli úthýsingu á verkefnum framhaldsskólans til þriðja aðila svokölluðum umsýsluaðilum sem gerir námið flóknara fyrir nemendur og dýrara í framkvæmd.

Skólameistarar starfsnámsskóla líta svo á að ábyrgð skólanna komi ótvírætt fram í framhaldsskólalögum en erfitt geti reynst að standa undir þeirri ábyrgð þegar margir aðilar koma að umsýslu námsins.

Tillaga starfsnámsskólanna

Starfshópur skólameistara sem starfaði frá 9. desember sl. lagði fram niðurstöður sínar á fundi með skólameisturum starfsnámsskólanna 20. janúar 2012 þar sem þær voru endanlega unnar og samþykktar.

Starfshópurinn lagði fram tillögu að verkferli vinnustaðanáms frá innritun nemanda til loka náms þar sem gerð er tillaga um hlutverk þeirra aðila sem á einn eða annan hátt koma að verklaginu og hafa áhrif á framgang þess.

Skólameistarar verknámsskólanna gera það að tillögu sinni að:

- Verkferlar varðandi starfsmenntun verði skýrðir til muna og ábyrgð hvers og eins aðila sem að náminu kemur verði skilgreind.
- Nemandi í starfsnámi verði á ábyrgð skóla frá innritun til brautskráningar.
- Stefnt skuli að því að sveinspróf verði haldið sem lokaáfangi í námi þar sem við á.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir tillögunum og athugasemdum skólameistara verknámsskóla og um leið óskað eftir samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framgang málsins.

Framkvæmd vinnustaðanáms

Niðurstaða skólameistara var að búa til verkferil (fylgiskjal 2) á myndrænan hátt ásamt greinargerð, sem lýsir framkvæmd vinnustaðanáms og hafa skólarnir stuðst við vinnulag og ferlagerð samkvæmt ISO 9001 gæðakerfi.

Að neðan er gerð grein fyrir einstökum þáttum verkferilsins og jafnframt vísað til ferilskjalsins í fylgiskjali.

Verkferill

Vinnuhópurinn gerir tillögu að kortlagningu ferils nemanda frá upphafi náms í framhaldsskóla til loka vinnustaðarnáms og brautskráningar. Allir þætti ferilsins eru greindir sem og hlutverk hvers og eins. Verkferlunum er skipt í 27 þætti sem fimm mismunandi ábyrgðaraðilar koma að.

Í fylgiskjali 1 með greinargerðinni fylgir útlitun á hverjum þætti þar sem ábyrgðarsvið og umfang hvers og eins er útskýrt.

Það skal tekið fram að í þeim tilfellum þar sem nemandi er yngri en 18 ára og við upphaf starfsnáms eru forráðamenn ábyrgðaraðili nemandans.

Hlutverk Vinnustaðanáms sjóðs

Vinnustaðanáms sjóði er ætlað að annast um fjárveitingar til vinnustaðhluta námsins samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi eins og áður er getið um.

Skólameistarar gera ekki athugasemdir við að fjárveitingar til vinnustaðanáms séu meðhöndlaðar með sjálfstæðum hætti en leggja áherslu á að greiðslur fylgi framvindu náms.

Hlutverk Vinnustaðanáms sjóðs er fléttað inn í feril vinnustaðanáms. Sýnt er með hvaða hætti fjárveitingar sjóðsins tengjast vinnustaðanáminu.

Skilgreining skólameistara á hlutverki og verklagi Vinnustaðanáms sjóðs

Vinnustaðanáms sjóður heldur skrá um það nám sem viðurkennt er sem starfsþjálfun. Vinnustaðanáms innan starfsnáms er framkvæmt sem eðlilegur hluti náms nemanda í skóla og á vinnustað. Gildir einu hvort vinnustaðanámið fer að hluta fram á skólatíma eða eftir brautskráningu frá skóla. Vinnustaðanáms sjóður setur sér reglur um með hvaða hætti nám er metið greiðsluhæft og byggir á aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrám einstakra skóla.

Með þessum hætti liggur ávallt fyrir við upphaf náms hvort starfsnámið sem skipulagt er sé greiðsluhæft.

Vinnustaðanámssjóður úthlutar fjármagni til vinnustaðar þegar þríhliða samningur vinnustaðar, skóla og nemanda liggur fyrir og staðfest er að vinnustaðnámið sé greiðsluhæft. Skólameistarar telja mikilvægt að allt vinnustaðanám sem skilgreint er og staðfest sem greiðsluhæft njóti jafnræðis til greiðslna úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn skipti því fjármagni sem hann hefur til umráða með jöfnum hætti milli vinnustaða miðað við umfang náms.

Gert er ráð fyrir að Vinnustaðanámssjóður greiði beint til þess vinnustaðar sem samningurinn nær til eftir þeim reglum sem Vinnustaðanámssjóður setur sér.

Mikilvægt er að mati skólanna að góð tengsl séu á milli nemanda, skóla og fyrirtækja/stofnana um starfsþjálfun og vinnustaðanám og því lykilatriði að fyrirtækið/stofnunin, skólinn og nemandinn geri með sér samning um vinnustaðanámið.

Í fyrstu úthlutun úr Vinnustaðanámssjóði sóttu fyrirtæki/stofnanir beint um greiðslur frá Vinnustaðanámssjóði (í gegnum ráðuneytið) án beinna tengsla við skipulag náms nemanda. Skólameistarar telja skynsamlegra að umsókn um fjárveitingu til vinnustaðanáms sé grundvöllur á framangreindum þríhliða samningi.

Það að hafa hvorki námsferil eða námsstöðu nemandans í huga í tengslum við úthlutunina né skólana býður ákveðinni hættu heim á því að fyrirtækjum og nemendum verði mismunað.

Sá möguleiki að nemandi geti verið hjá fleiri en einu fyrirtæki/stofnun verður að vera opinn enda aðstæður oft þannig innan ákveðinna greina að eitt fyrirtæki/stofnun uppfyllir ekki að fullu námskröfur vinnustaðanámsins og því gott að geta dreift verknáminu eftir þeim sérsviðum sem fyrirtækin/stofnanir hafa.

Hlutverk starfsgreinaráða

Samkvæmt framhaldsskólalögum nr. 92/2008, í 6. grein reglugerðar nr. 711/2009 og í 9. gr. reglugerðar nr. 840/2011 kemur fram að starfsgreinaráð hafi það hlutverk að halda skrá yfir fyrirtæki/stofnanir sem teljast hæf til þess að annast vinnustaðanám.

Mikilvægt er að starfsgreinaráðin sinni þessu hlutverki og að til verði helst ein heildstæð skrá yfir þau fyrirtæki sem uppfylla skilyrði laganna og reglugerðarinnar um hæfi til að vera vinnustaðafyrirtæki og hafa hlotið vottun starfsgreinaráða.

Starfsgreinaráðin meti út frá námskrá vinnustaðabátt námsins þegar umsögn er gefin um námið.

Nauðsynlegt er að skapa starfsgreinaráðum skilyrði til að þessi skrá verði möguleg og ein tillaga þar um er að starfsgreinaráðin ráði sér sameiginlegan umsjónaraðila og staðfesti síðan fyrirtæki inn á skrána.

Mikilvægt er að flóra fyrirtækja til vinnustaðanáms verði sem fjölbreyttust og öflug og því nauðsynlegt að frumkvæði að því að tilnefna fyrirtæki komi frá sem flestum aðilum; skóla, nemendum, atvinnulífi og stjórnvöldum.

Hlutverk fyrirtækis/stofnunar

Fyrirtæki/stofnun skuldbindur sig með gerð námssamnings til að veita nemanda kennslu í greininni og annast skipulag og framkvæmd vinnustaðanáms á vinnustað í samræmi við námskrá, námsáætlun og ferilbók nemenda.

Fyrirtæki/stofnanir hafa skyldur sbr. ákvæði 7. og 8. greinar reglugerðar nr. 840/2011 óski þau eftir að taka að sér vinnustaðanám. Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli skóla og fyrirtækis/stofnunar um framkvæmd og skipulag vinnustaðanáms. Skólar munu að eigin frumkvæði tilnefna fyrirtæki/stofnun sem vinnustaðanám til starfsgreinaráða.

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis er skilgreint í framhaldsskólalögum. Hlutverkið í ferli nemenda frá upphafi til enda náms er að halda úti innritunarvef þar sem upplýsingar um námsbrautir er að finna. Einnig að viðurkenna námskrár skólanna og tryggja fjármögnun þeirra.

Þá sinnir ráðuneytið eftirliti með skólunum að þeir haldi lög og reglur um starfsemi sína. Það semur ferilbækur í öllum starfsnámsgreinum sem fylgja nemanda á meðan hann er í námi og að sinna starfsnámi.

Ferilbókin er vitnisburður nema um frammistöðu hans í verklegu námi og gefur meistara/tilsjónarmanni færi á að gera sér grein fyrir námsferli nemandans. Hún leggur grunn að þeirri verklegu færni sem nemandinn tileinkar sér í gengum allt verknámið (bæði í skóla og á vinnustað).

Mikilvægt er að samskipti ráðuneytisins við alla aðila málsins séu sem best og að upplýsingaflæði til og frá ráðuneytinu til aðila málsins sé virkt.

Hlutverk skóla

Hlutverk framhaldsskóla skv. 2.gr. 92/2008 er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Skólinn ber ábyrgð gangvart nemendum á menntun þeirra samkvæmt framhaldsskólalögnum og er vinnustaðanám þar meðtalið.

Í reglugerð um vinnustaðanám nr. 840/2011 er í 2., 4. og 5. grein fjallað um ábyrgð skóla gangvart vinnustaðanámi.

Mikilvægt er að vinnustaðanám sé hluti námsferils nemenda og sé eðlilegur hluti námskrár og námsáætlunar. Í því samhengi er nauðsynlegt að allir hlutar vinnustaðanáms séu samtvinnaðir og að skólinn hafi fulla aðkomu að þeim. Að mati skólameistara er afar mikilvægt að hlutverk skóla sé vel skilgreint gagnvart öðrum aðilum starfsþjálfunar og vinnustaðanáms svo ferill nemandans í námi verði hnökralaus. Þar gegnir ferilbókin lykilhlutverki.

Nemandinn

Miðpunkturinn í öllu saman er nemandinn en gagnvart honum er vinnustaðanámið sá hluti námsins í núverandi kerfi sem minnst er skipulagt og er oft á tíðum ótryggasti hlekkurinn í námsferlinum.

Réttur nemandans til náms er hins vegar ótvíræður og er skilgreindur í framhaldsskólalögum og þeim reglugerðum sem hafa orðið til í kjölfar og á grundvelli laganna.

Nemandinn á rétt á því að ljúka fullu námi, þar með talið vinnustaðnámi, þannig að hann njóti þeirra ávaxta sem menntuninni fylgir og hljóti brautskráningu með þau réttindi til starfs eða frekara náms sem námsleið hans innifelur.

Tillaga skólameistara er að ferlið hafi nemandann sem þungamiðju og hlutverk þeirra sem koma að ferlinu snýr að því að gera námsferilinn markvissari.

Við innritun hvílir sú ábyrgð á skólunum (felst í samþykki um skólavist) að skólinn sjái til þess að nemandinn ljúki námi standist hann þær kröfur sem skólinn gerir samkvæmt námskrá og skólareglum.

Skýringar á einstökum þáttum verkferilsins

Í verkferlinu eru skýringar á innihaldi einstakra þátta ferilsins og eru skýringarnar með samsvarandi númeraröð og er í hverjum kassa í ferlinu.

Skýringum þessum er ætlað að varpa ljósi á og skýra nánar hvað felst í hverjum verkþætti fyrir sig og er því ekki farið nánar í þá þætti hér.

Stytting vinnustaðanáms

Skólameistarar telja að betra skipulag og flæði vinnustaðanáms þar sem ferilbók er notuð til að tryggja yfirferð allra námsþátta og kvittað er fyrir námið geti leitt af sér styttingu á vinnustaðanámi frá því sem verið hefur í núverandi kerfi.

Nauðsynlegt er að við skrif á námskrá fyrir vinnustaðanám sé horft til þess tíma sem námið á að taka. Ef stytting vinnustaðanáms er möguleg þá kemur til sparnaður á móti þeim kostnaði sem breytt fyrirkomuleg með greiðslu til fyrirtækja hefur í för með sér.


Niðurstaða

Samandregið eru tillögur skólameistara eftirfarandi:


- Skipulag vinnustaðanáms verði í samræmi við meðfylgjandi vinnuferil (fylgiskjal 1 og 2)
- Skoðað verði hvort tillögur skólameistara brjóti í bága við reglugerðarákvæði sem gilda í framhaldsskólum.
- Frumvarp um Vinnustaðánámssjóð verði samið með hliðsjón af tillögum skólameistara
- Skólameistarar verknámsskólanna fagna því að hafin sé vinna við úttektir á vinnustaðanámi og mótun heildstæðrar starfsmenntastefnu (bls. 12-14 í skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra um stöðu skólamála samkvæmt beiðni, lögð fram á 139. löggjafarþingi 2010-2011). Skólameistarar leggja til að þeirri vinnu verði hraðað og unnin í samvinnu við framhaldsskóla og nemendur.
- Bera þarf saman það kerfi sem unnið er með (eða verður unnið með) á Íslandi við þau kerfi sem notuð eru í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.
- Starfsnámsskólar óska eftir fundi með ráðuneytinu til að ræða hugmyndirnar nánar.

Reykjavík 25. janúar 2012


Undirritað fyrir hönd skólameistara




Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans, verkstjóri vinnuhóps




Ársæll Guðmundsson skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði



Margrét Friðriksdóttir skólameistari Menntaskólans í Kópavogi



Olga Lía Garðarsdóttir skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands



Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri

Atli Harðarson Fjölbrautarskóla Vesturlands (sign)

Bryndís Sigurjónsdóttir skólameistari Borgarholtsskóla (sign)

Einar Birgir Steinþórsson skólameistari Flensborgarskólans (sign)

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (sign)

Gísli Ragnarsson skólameistari Fjölbrautarskólans við Ármúla (sign)

Guðbjörg Aðalbergisdóttir skólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ (sign)

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautarskólans í Breiðholti (sign)

Ingi Ólafsson skólameistari Verslunarskóla Íslands (sign)

Ingileif Oddsdóttir Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra (sign)

Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari Menntaskólans á Ísafirði (sign)

Jón Eggert Bragason skólameistari Fjölbrautarskóla Snæfellinga (sign)

Laufey Petra Magnúsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík (sign)

Ólafur Hreinn Sigurjónsson skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (sign)

Ólafur Jón Arinbjarnarson skólameistari Fjölbrautarskóla Suðurnesja (sign)

Örlygur Karlsson skólameistari Fjölbrautarskóla Suðurlands (sign)

Undirritað fyrir hönd stjórnar Iðnmenntar



Baldur Gíslason, formaður

Fylgiskjöl:

1. Verklagsregla um vinnustaðanám.
2. Verkferill vinnustaðanáms.

Nr.: VKL-	Starfsnámsskólar	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:	Vinnustaðanám	
Samþykkt:		
Síða 1 af 5		

1. Tilgangur

Þetta vinnuferli tryggir að vinnustaðanám á framhaldsskólastigi, nánar tiltekið til starfsþjálfunar á vinnustað og náms á námssamningi fari fram samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um það.

2. Gildissvæði (umfang)

Vinnuferlið gildir fyrir allt vinnustaðanám á framhaldsskólastigi.

3. Ábyrgð

Starfsgreinaráð er umsagnaraðili MRN um námskrár starfsnáms bæði í skóla og á vinnustað. Starfsgreinaráð heldur skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms.

Vinnustaðasjóður annast umsýslu og fjárreiður vinnustaðasjóðs og úthlutun úr sjóðnum til fyrirtækja/stofnana á grundvelli vinnustaðanámsamninga.

Fyrirtæki/stofnun skuldbindur sig með gerð námssamnings til að veita nemanda kennslu í greininni og annast skipulag og framkvæmd vinnustaðanáms á vinnustað í samræmi við námskrá, námsáætlun og ferilbók nemenda.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) annast og rekur innritunarvef, heldur úti námskrárgrunni, sýnishornum að ferilbókum og hefur eftirlit með að nám sé í samræmi við lög og reglugerðir.


Skólinn ber ábyrgð á að gerðir sé samningar um vinnustaðanám við fyrirtæki/stofnanir. Skólinn hefur eftirlit með að nemendur leggi stund á vinnustaðanám sem áskilið er í námskrá. Skólinn annast og ber ábyrgð á námsáætlun og skipulagi náms þannig að þjónustan við nemandann verði sem mest samfelld og fari fram á eðlilegum námstíma.

Nemandi er ábyrgur fyrir því að sækja og stunda nám sem hann hefur innritast til. Nemandi ber ábyrgð á að sinna vinnustaðanáminu samkvæmt þeim samningi sem gerður hefur verið. Nemandi þarf að vera upplýstur um réttindi sín og skyldur í vinnustaðanámi.

Foreldri/forráðamaður ólögráða nemanda staðfestir samþykki sitt fyrir námssamningi með undirritun sinni á samninginn.

4. Framkvæmd

Nr.: VKL-	Starfsnámsskólar	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:	Vinnustaðanám	
Samþykkt:		
Síða 2 af 5		



Nr.: VKL-	Starfsnámsskólar	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:	Vinnustaðanám	
Samþykkt:		
Síða 3 af 5		

Seinni stafurinn í neðangreindum tilvitnunum vísar í númer kassa í ferilmýnd.

4.1. Skólanámskrár

Gildandi skólanámskrár hvers skóla sem byggir á aðalnámskrá og samþykkt er af MRN.

4.2. Námskrárgrunnur

Námskrárgrunnur MRN og aðalnámskrá.

4.3 Tillögur um vinnustaði

Starfsgreinaráð, fyrirtæki, stofnanir og skólar gera tillögur um fyrirtæki/stofnanir sem taka að sér nema í vinnustaðanám.

4.4 Vinnustaðanámsfyrirtæki/-stofnun

Fyrirtæki/stofnun sem hæft er til að annast vinnustaðanám.

4.5 Skrá yfir vinnustaðanámsfyrirtæk/-stofnanir

Starfsgreinaráð halda skrá yfir samþykkt fyrirtæki/stofnanir sem uppfylla skilyrði samkvæmt 8.gr reglugerðar nr. 840/2011 og almennum ákvæðum aðalnámskrár. Starfsgreinaráð, fyrirtæki, stofnanir og skólar gera tillögur um fyrirtæki/stofnanir sem taka að sér nema í vinnustaðanámi.

4.6 Ferilbækur skóla

Ferilbók nemanda sem fylgir honum í náminu, í skóla og á vinnustað. MRN annast gerð sýnibóka sem skóli nýtir til að gera ferilbók þess náms sem hann býður.

4.7 Ferilbækur

MRN ber ábyrgð á að gerðar sé sýniferilbækur fyrir vinnustaðanám eftir greinum og birtir í námskrárgrunni MRN.

4.8 Gagnagrunnur

Gagnagrunnur starfsgreinaráðs um vinnustaðanámsfyrirtæki/-stofnun.

4.9 Umsókn um skólavist

Nemandi sækir um skólavist í skóla samkvæmt auglýstum umsóknartíma MRN

4.10. Innritunarvefur MRN

Menntagátt er opinber innritunarvefur rekinn af MRN.

4.11 Umsókn í vinnslu/samþykkt

Úrvinnsla umsókna fer fram samkvæmt þeim reglum sem gilda og með tilliti til fjölda nemenda sem skilgreindur er í skólasamning hvers skóla.

4.12. Vinnustaðanám

Ákveðið á grundvelli umsóknar hvort nám kallar á vinnustaðanám eða ekki. Fari nemandi í vinnustaðanám heldur ferillinn áfram.

4.13 Metur greiðsluhæft nám

Vinnustaðasjóður staðfestir greiðsluhæft nám sem skilgreint er sem hluti af starfsnámi skv. gildandi aðalnámskrá og skólanámskrám.

Nr.: VKL-	Starfsnámsskólar	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:	Vinnustaðanám	
Samþykkt:		
Síða 4 af 5		

4.14 Upplýsingar um greiðsluhæft nám

Skólinn athugar hvort vinnustaðanámið sé greiðsluhæft nám eða ekki samkvæmt gögnum Vinnustaðanámssjóðs.

4.15 Samningur um vinnustaðanám

Samningur fyrirtækis/stofnunar um vinnustaðanám við skóla og nemanda.

4.16 Nám án vinnustaðanáms

Fari nemandi ekki í vinnustaðanám þá heldur hann áfram í hefðbundnu námi innan skólans.

4.17 Nám í skóla og á vinnustað

Nám í skóla sem fram fer samkvæmt námskrá, námsferilsáætlun og ferilbók. Gert er ráð fyrir að nemandi vinni með ferilbók strax frá upphafi námsins í verklegum greinum og ferilbók fylgi honum í gegnum allt námið þ.m.t. vinnustaðanámið. Nám nemanda fer fram samkvæmt námskrá og námsáætlun (námsferli).

4.18 Samningur um vinnustaðanám

Samningur skóla og nemanda um vinnustaðanám við fyrirtæki/stofnun.

4.19 Eftirlit með að nemandinn leggi stund á vinnustaðanám samkvæmt ferilbók

Skóli fylgist með námi nemanda á vinnustað og að fyllt sé út í ferilbók og að unnið sé samkvæmt henni.

4.20 Nám á vinnustað samkvæmt ferilbók

Nám á vinnustað sem fram fer samkvæmt námskrá, námsferilsáætlun og ferilbók. Gert er ráð fyrir að nemandi vinni með ferilbók strax frá upphafi námsins í verklegum greinum og ferilbók fylgi honum í gegnum allt námið þ.m.t. vinnustaðanámið. Nám nemanda fer fram samkvæmt námskrá og námsáætlun (námsferli).

Námið fer fram á vinnustað undir leiðsögn tilsjónarmanns fyrirtækis/stofnunar. Nemandi, kennari frá skóla og tilsjónarmaður bera ábyrgð á að ferilbókin sé fyllt út.

4.21 Samningur sendur til vinnustaðasjóðs

Fyrirtæki/stofnun sendir afrit af vinnustaðanámssamningi til vinnustaðanámssjóðs.

4.22 Úthlutun á grundvelli samninga

Vinnustaðanámssjóður greiðir fyrirtæki/stofnun á grundvelli þeirra vinnustaðanámssamninga sem fyrirtæki/stofnanir hafa gert við skóla.

4.23 Greiðsla til fyrirtækja/stofnanna

Fyrirtæki móttækur greiðslu á grundvelli samnings.

4.24 Eftirlit með námi/skil skóla á gögnum.

Skólar skila inn gögnum um nám og framvindu nemanda til MRN eftir þeim reglum sem um það gilda.

4.25 Skil ferilbókar og brautskráning

Brautskráning nemanda frá skóla þegar námi samkvæmt námsbrautarlýsingu er lokið.

4.26 Brautskráning

Brautskráning nemanda að loknu námi.

Nr.: VKL-	Starfsnámsskólar	
Útgáfa: 01		
Dags.:		
Höfundur:	Vinnustaðanám	
Samþykkt:		
Síða 5 af 5		

4.27 Skil til MRN

Gögnum um námsferil nemenda er skilað til MRN.

5. Tilvísanir í skjöl

Lög um framhaldsskóla: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.092.html>

Reglugerð um vinnustaðanám: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=328abff7-79ff-4500-8f28-08d43c3b353f>

Drög að frumvarpi um vinnustaðanámssjóð: Í vinnslu.

Reglugerð um sveinspróf: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=a4cd31e7-33e0-4d97-ba0b-89254b12a77c>

Reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d3d84643-2394-4f2e-9231-0d23d1bea2a5>

Ferill Vinnustaðanáms

Fskj 2

